



Vegagerðin

# Framkvæmdafréttir

10. september 2021 — nr. 713  
5. tölublað — 29. árgangur



Hringvegur (1) við Núpsvötn.

**02 Biskupsbeygjan er öll / 04 Nýjar höfuðstöðvar í Garðabæ  
/ 08 Kynnist landinu í gegnum vitana / 10 Rannsókn á  
slitþolinni hástyrkleikasteypu / 12 700 milljónum varið í  
umferðaröryggisaðgerðir / 16 Stórbætt umferðaröryggi og  
greiðara umferðarflæði / 18 Leiðir styttað með endurbættum  
Reykjavegi / 20 Vinna hafin við brýr yfir Hverfisfljót og Núpsvötn /  
22 Yfirlit yfir útborðsverk / 24 Niðurstöður útboða /  
36 Vegagerðin í nærmynd**

Framkvæmdafréttir

Ósk um áskrift  
[www.vegagerdin.is/  
framkvæmdafréttir](http://www.vegagerdin.is/framkvæmdafréttir)

Ritstjórn og umsjón  
Sólveig Gísladóttir

Ábyrgðarmaður  
G. Pétur Matthíasson

Hönnun  
Kolofon

Umbrot  
Elín E. Magnúsdóttir

Forsíðumynd:  
Ólafur Tryggvason

Prentun  
Prentmet Oddi

Leturgerð  
Vegagerðin FK Grotesk

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verkötukum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem talið er að eigi erindi til lesenda.

Blaðið kemur út á tveggja mánaða fresti að jafnaði og er áskrift endurgjaldslaus.



## Biskupsbeygjan er öll



Engin marktæk stytting verður á veginum þó beygjan hverfi en öryggið hefur hins vegar aukist til muna.

Opnað var fyrir umferð á nýjum vegarkafli um Heiðarsporð á Holtavörðuheidi í júlí en þar með var kvödd varasöm beygja á Hringveginum sem í daglegu tali er kölluð Biskupsbeygja. Engum er söknuður að beygjuni sem var stórvarasöm og völd að ófáum slysum í gegnum árin.

„Biskupsbeygja hefur verið stórhættuleg og mikið af útafkeyrslum á veturna. Meira að segja urðu nokkrar slíkar á framkvæmdatímanum,“ segir Reynir Georgsson verkfræðingur á tæknideild Vestursvæðis sem var umsjónarmaður framkvæmdarinnar Hringvegur (1) um Heiðarsporð.

Verkið var boðið út 2020 en upphaflega var ætlunin að bjóða það út ári síðar. Ákveðið var að flýta útboðinu sem hluta af átaki ríkisstjórnarinnar vegna heimsfaraldursins.

Verkið snérist um endurbyggingu á 1,8 km kafla á Hringvegi um Heiðarsporð í sunnanverðri Holtavörðuheidi þar sem hún tekur að lækka í átt að Norðurárdal. Nýi vegkaflinn tengist gamla veginum um 200 m norðan við brú á Norðurá og tekur beygju til norðvestur með mýkri veglinu en vegkaflinn sem nú er lagður af.

Töluverðar breytingar urðu á veglinu við framkvæmdina en verkið fól einnig í sér upprif á slitlagi og útjöfnun gamla vegarins en ákveðið var að bíða með að fjarlægja gamla veginn. Nýi vegurinn er 9,0 m að breidd. Þar af er akbrautin 7,0 m og hvor öxl 1,0 m.

### Beygjan var barn síns tíma

Inntur eftir því af hverju þessi skrýtna beygja hafi yfirleitt verið á veginum svarar Reynir að líklega hafi þurft að laga veglinuna að náttúrulegum aðstæðum á heidinni. „Gamli vegurinn liggur á melum en nýi vegurinn fer yfir mýrlendi. Að leggja veg yfir mýri kallar á nútímalegri framkvæmd enda þarf að setja farg, reikna sigtíma og gera ýmsar rannsóknir áður en hægt er að byrja að leggja sjálfan veginn. Þetta hefur líklega ekki þótt gerlegt hér áður fyrr.“


Reynir segir enga marktæka styttingu verða á veginum þó beygjan hverfi en hins vegar hafi öryggið aukist umtalsvert og ekki bara á nýja vegkaflanum heldur einnig ofar á heidinni. „Við framkvæmdirnar kom upp mikið magn af ónothæfum jarðvegi sem við ákváðum að nota við vegkaflann í Jónsflóa. Þar er vegurinn hátt byggður upp en við nýttum jarðvegin til að gera svokallaða fláafleyga sem gera veginn öruggari með tilliti til útafaksturs,“ lýsir Reynir en slíkir fleygar eru í raun aflíðandi brekkur út frá akbrautinni.

### Fundu gamla brú

Reynir segir framkvæmdir hafa gengið nokkuð vel og framkvæmdatími hafi staðist nokkurn veginn. Spurður hvort eitthvað óvænt hafi gerst rifjar hann upp að verktakinn hafi þurft að fara yfir námu sem ekki var vitað af áður. Þar hafi fundist gömul steyppt brú. „Brúin hafði verið urðuð í námunni og þessi fundur kom okkur dálítið á óvart. Við þurftum að fjarlægja brúna og farga henni.“

Hann segir að einn lærdóm hafi menn dregið af framkvæmdinni. „Við þurfum að standa okkur betur í að hanna og leggja hjáleiðir,“ segir hann en hjáleidin var lögð og klædd áður en frost fór úr jörðu. „Þegar hlýnaði fór hún illa og erfitt var að halda henni við enda nokkur þungaumferð um heiðina.“

Umferðin gekk hægt um framkvæmdasvæðið en sett var á 30 km hámarkshraði vegna ástands hjáleidarinnar. Framkvæmdin hafði því töluverð áhrif á ökumenn, sér í lagi þegar umferðarpungi var mikill en samkvæmt umferðartölum frá árinu 2018 er umferðin á þessum stað 2.400 bílar á sólarhring yfir sumartímamann. ■



Opnað var fyrir umferð á nýja kaflanum í júlí.



Mynd frá framkvæmdum. Gamli og nýi vegurinn mætast.



### Ekki fornt heiti

Sumir gætu haldið að Biskupsbeygjan dragi nafn sitt af fornum biskupum eða náttúrufrirbrigðum á Holtavörðuheidi en svo er víst ekki. Sagan segir að biskup Íslands hafi eftir miðja síðustu öld lent þar útá í hríð og snjó og setið fastur. Þá hafi komið þar

að bílstjóri Norðurleiðar og bjargað biskupi. Varð þá til þetta heiti sem síðan hefur ratað víða, meðal annars í samgönguáætlun og dagbækur lögreglunnar enda tíð slys á vegkaflanum.



# Nýjar höfuðstöðvar í Garðabæ

Vegagerðin hefur flutt höfuðstöðvar sínar úr Borgartúni 5-7 í Reykjavík í Suðurhraun 3 í Garðabæ. Með nýjum höfuðstöðvum hefur starfsemi Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu verið sameinuð á einn stað en Vegagerðin var áður á þremur stöðum, í Borgartúni, Vesturvör í Kópavogi og Hringhellu í Hafnarfirði.



Nýjar höfuðstöðvar Vegagerðarinnar í Suðurhrauni 3 í Garðabæ.





Almenn ánægja er með nýja mótuneytið.



Almenn ánægja er með hið nýja húsnæði meðal starfsfólks Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu en flutningurinn þýddi talsverða breytingu á starfsumhverfi flestra enda starfa nánast allir í opnu rými.

Nýju höfuðstöðvarnar skiptast í 6.000 fermetra skrifstofu- og geymsluhúsnæði og 9.000 fermetra útisvæði. Skrifstofuhlutinn er að mestu nýsmíði en skemmur eru aðeins lítillega breyttar. Reginn hf. sá um byggingu hússins en aðalverktaki framkvæmdanna var ÍAV. Batterið arkítæktar teiknuðu húsið en Gláma Kím arkítæktar voru Vegagerðinni innan handar við hönnun innanhúss og val á húsgögnum.

Í húsinu eru um 170 starfsstöðvar, 21 fundarherbergi af ýmsum stærðum og 10 minni næðisrými.



Fundarherbergi á annarri hæð heita eftir fornum leiðum og höfnum. Fróðleikur fylgir um nafn hvers fundarherbergis.

Básar á kaffistofu þriðju hæðar.

Nýtt mótuneyti fékk nafnið Veganesti.




## Fundað í vitum, veðri og fornum leiðum

Samkeppni um nöfn á fundarherbergi var haldin meðal starfsmanna Vegagerðarinnar. Niðurstaðan var sú að hver hæð er tengd ákveðnu þema í anda Vegagerðarinnar. Á fyrstu hæð heita fundarherbergi eftir veðurlýsingum, til dæmis Éljagangur, Snjócoma, Skafrenningur og Sunnavindur. Á annarri hæð er þemað fornar leiðir á sjó og landi. Þar má finna nöfn á borð við Kiðagil, Kógsveg, Mariuhöfn og Orrustukamb. Á þriðju hæð er vitapema þar sem fundarherbergi heita eftir vitum á borð við Gróttuvita, Straumnesvita og Hornbjargsvita.

Þrjú félagsrými eru í húsinu. Mótuneytið ber heitið Veganesti, á annarri hæð má finna Hafnakaffi og á þeirri þriðju Vitakaffi. Í miðju hússins er fallegur innigarður, pallalagður með tveimur trjábeðum.

Flutningur starfseminnar hefur staðið yfir í sumar. Flutt var í skrifstofuhlutann í júlí en smám saman er unnið að því að flytja lagerinn og allt sem tilheyrir grófrýmum og útisvæði. Vaktstöð Vegagerðarinnar hefur fengið andlitslyftingu með nýjum tækjabúnaði og er stefnt að því að starfsemin verði komin í fullan gang í lok september.





## Löng saga í Borgartúni

Stofnunin hefur allt frá upphafi haft höfuðstöðvar í Reykjavík. Í tæp 80 ár hefur Vegagerðin verið með starfsemi í Borgartúni 5-7 eða allt frá árinu 1942, fyrst í Borgartúni 5 og verkstæðisbyggingu en síðar einnig í Borgartúni 7 ásamt viðbyggingum þar.

Áform hafa verið lengi uppi um nýtt húsnæði en þau frestuðust í hruninu árið 2008 en voru tekin upp aftur um áratug síðar. Framkvæmdasýsla ríkisins auglýsti eftir húsnæði fyrir Vegagerðina 2018. Meðal þeirra sem skiluðu tilboði var fasteignafélagið Reginn sem bauð Suðurhraun 3.

Bergþóra Þorkeldsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Helgi S. Gunnarsson forstjóri Regins hf. skrifuðu undir samkomulag um byggingu höfuðstöðvanna í mars 2020. Reginn byggði húsnæðið og á það en Vegagerðin leigir til langs tíma. ■



Miðgarður er vinsæll á heitum sumardögum.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra afhjúpar vörðu sem áður stóð í Borgartúni en var endurbyggð í Suðurhrauni.

Málin rædd á Hafnarkaffi.

Unnið er í opnu rými.

Útbúið var barnahorn í einu fundarherbergjanna.



Á vaktstöðinni er fylgst með vegum og jarðgöngum.

Nokkrir fallegir gamlir munir fá heiðursess í hinu nýja húsi líkt og þessi snúningslinsa úr Garðskagavita sem smíðuð var í París 1897.

Haldin var innflutningsvígsla í lok ágúst og var klippt á borða eins og oft er gert þegar vegir, brýr eða göng eru vígð. Hér munda þau Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Bergþóra Þorkeldsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar skærin.



**Snúningslinsa.** Smíðuð í París árið 1897 og notuð í Garðskagavita til 1960. Framan af var lýst með steinolíu, síðar gasi þar til vitinn var raflystur árið 1950. Þá var skipt yfir í rafmagnshreyfil til þó snúa linsunni sem áður var snúið með loðagangverki. Linsan var flutt í Galtarvíta árið 1960 og snúið þar með rafmagnshreyfli til ársins 1994.

# Kynnist landinu í gegnum vitana

## Málar vatnslitamyndir af vitum

↓  
Klofningsviti er á skerinu Klofningi vestan við Flatey á Breiðafirði. Hann var byggður árið 1926. Aðeins er hægt að komast að honum sjóleiðina.

Franska listakonan Mathilde Morant hefur málað vatnslitamyndir af nær öllum vitum landsins. Hún fékk lista yfir vitana hjá Vegagerðinni áður en hún dró fram pensilinn og hófst handa við verkefnið.

Mathilde er frá Bretaníu í Frakklandi en flutti til Íslands fyrir fjórum árum. Hún vinnur hjá leikmyndadeild Þjóðleikhússins en notar frítímann til ferðast um landið og mála myndir af vitum.

„Ég keypti landakort af Íslandi síðsumars 2018. Við strandlengjuna voru merktar inn rauðar stjórnur sem vöktu strax athygli mína. Þegar ég uppgötvaði að stjórnurnar voru tákn fyrir vita ákvað ég að skoða þá alla og teikna myndir af þeim, sem ég mála síðan með vatnslitum,“ segir Mathilde, um tilurð þessa verkefnis sem hún kallar Viti Project.

Hún hefur orð á því að tilgangurinn sé í raun tvíþættur; að kynnast landinu og æfa sig í teikningu. Fyrsti vitinn sem Mathilde málaði mynd af heitir Svörtuloftaviti en hann stendur við sjávarhamrana Svörtuloft, vestast á Snæfellsnesi. „Hver viti er einstakur. Þótt margir þeirra séu líkir hvað arkitektúr varðar er landslagið í kringum þá afar fjölbreytilegt. Það heillar mig að þeir eru úr alfaraleið, jafnvel á stöðum þar sem aðstæður geta verið hættulegar,“ segir hún.



Heimild: Vitar á Íslandi, Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002. Höfundar: Guðmundur Bernóðusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson. Útgefandi: Siglingastofnun.



↑  
Svörtuloftaviti er fyrsti vitinn sem Mathilde skoðaði og málaði mynd af. Hann var reistur úr járnrindum árið 1914 yst á Skálasnaga á Svörtuloftum. Thorvald Krabbe teiknaði mannvirkið. Vitinn var endurbyggður 1931.

### Nær tengingu við náttúruna

Oft þarf Mathilde að ganga langar og torfærar leiðir til að komast að vitunum en hún telur það ekki eftir sér. „Mér finnst gaman að ganga úti í náttúrunni án þess að hitta nokkra sálu. Þannig næ ég mikilli tengingu við náttúruna. Ég hef farið sjóleiðina að nokkrum vitum, því landleiðin hefur ekki verið fær. Á ferðum mínum um landið hef ég kynnst áhugaverðu fólki og er alls staðar vel tekið. Það er líka skemmtilegt að fá að heyra fróðleik og sögur af vitunum,“ greinir hún frá.



↑  
Mathilde segist varla geta gert upp á milli vitanna sem hún hefur skoðað og málað en Galtarviti er þó einn þeirra sem hún heldur hvað mest upp á. Vitinn stendur á Keflavíkurhól, milli Galtar við Súgandafjörð og Skálavíkur. Þar var fyrst byggður viti árið 1920. Árið 1959 var að nýju byggður viti á Keflavíkurhól.

Auk listans góða frá Vegagerðinni notar hún bókina Vitar á Íslandi - Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002 sér til fróðleiks, sem og GPS-hnit til að komast örugglega á rétta staði.


Mathilde kann mjög vel við sig á Íslandi og hyggur ekki á flutninga til Frakklands í bráð. „En kannski á ég einhvern tímann eftir að ferðast um Frakkland til að mála vatnslitamyndir af frönskum vitum,“ segir listakonan að lokum.

Hægt er að fylgjast með Mathilde á Instagram undir heitinu vitiproject. Þar má sjá myndir og myndbönd af ferðalögum hennar, auk vitateikninga. Einnig má skoða heimasíðu Mathilde mathildemorant.com. ■



↑  
Sauðanesviti stendur yst á skaganum milli Öndarfjarðar og Súgandafjarðar. Hann var byggður árið 1964.

←  
Mathilde er frá Frakklandi en flutti til Íslands fyrir fjórum árum.



## Rannsókn á slitpolinni hástyrkleikasteypu

↑  
Steypt slitlag á nýja brú yfir  
Steinavötn í Suðursveit.

Slitpolin hástyrkleikasteypa, 50 mm lag á brýr – þróun og blöndun er nýjasta áfangaskýrsla verkefnisins sem styrkt var af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Um er að ræða samvinnuverkefni Rannsóknastofu byggingariðnaðarins og Vegagerðarinnar.

Steyptar brýr eru algengasta tegund brúa í íslenska vegakerfinu. Utan þéttbýlis hefur ekki tíðkast að leggja sérstakt slitlag á brúargólf slíkra brúa eftir að þær hafa verið steypar, heldur hefur verið ekið á brúargólfinu sem jafnframt er hluti af burðarvirki brúarinnar. Þetta hefur verið gert þar sem erfið er að nálgast malbik úti á landi. Vegna umferðaraukningar, sem og þungaflutninga, ásamt negldum hjólbörðum hefur hjólfaramyndun og slit aukist verulega á brúargólfum. Það hefur því þurft að ráðast í viðgerðir og ein lausnin er leggja sérstakt slitlag úr hástyrkleikasteypu. Þetta var gert í viðgerðum á brúargólfi Borgarfjarðarbrúar þar sem slitlagið var steyppt 90 mm þykkt.

### Tilgangur og kostir sérstaks slitlags á brýr eru meðal annars þessir:

- Veitir vörn fyrir undirliggjandi burðarsteypu, kapla og járnþráðum með tilliti til vatns og salts.
- Lokar sprungum sem hugsanlega myndast í burðarsteypu, t.d. vegna hitamyndunar.
- Vinnuástaða við frágang sérstaks slitlags er góð og tryggir betur slétt yfirborð í samræmi við kröfur.
- Hástyrkleikasteypa með slitpolnum steinefnum leiðir til lengri endingar og lægri viðhaldskostnaðar.



Slitpolin 50 mm hástyrkleikasteypa var fyrst notuð í viðgerð á brúargólfi Ölfusárbrúar haustið 2018. Það sem er nýjung í skýrslunni er að hún var þróuð og rannsökuð nánar til notkunar á nýjar brýr. Í slitpolinni hástyrkleikasteypu er meðal annars leitast eftir lítilli rýrnun, þéttleika, frostþoli og slitþoli. Mælingar liggja fyrir á þessum eiginleikum.

Nú þegar hafa fjórar brýr verið byggðar með sérstöku 50 mm slitlagi með hástyrkleikasteypu. Brýrnar eru Steinavötn í Suðursveit haustið 2020, Hattardalsá haustið 2020, Bjarnardalsá vorið 2021 og Botnsá á Vestfjörðum sumarið 2021.

Verkefninu er stýrt af Ólafi W. Wallevik hjá Rannsóknastofu byggingariðnaðarins (Rb) og Helga S. Ólafssyni hjá Vegagerðinni. ■



↑  
Viðlöðunarpróf (bond test) milli ásteypu og steypst undirlags.

↓  
Ein af mörgum prófblöndum á rannsóknarstofu.



Viðgerð á Miðfjarðará vegna slits, sumarið 2018. Byrjað var á því að fræsa og sums staðar þurfti að vatnsbrjóta því steypan var illa farin.



# 700 milljónum varið í umferðaröryggisaðgerðir

↑  
Viravegríð meðfram Stykkishólmsvegi um Vogsbotn sem sett var upp fyrir allmörgum árum.

Alls verður 700 milljónum króna af viðhaldsfé Vegagerðarinnar í ár varið til verkefna umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda.

Vegagerðin leggur mjög mikla áherslu á umferðaröryggi og stöðugt er unnið að endurbótum á vegakerfinu í þeim tilgangi. Stærri umferðaröryggisaðgerðir, s.s. aðgreining akstursstefna, breikkun einbreiðra brúa og gerð hringtorga, fá sérstakar fjárveitingar af stofnkostnaðarlið samgönguáætlunar. Framkvæmdir eins og t.d. þær sem nú standa yfir á Hringvegi um Kjalarnes, þar sem akstursstefnur eru aðgreindar og tengingum inn á veg fækkað með tilkomu sérstakra hliðarvega, munu skila sér í auknu umferðaröryggi og sama má segja um breikkun einbreiðra brúa á umferðarmiklum vegum þar sem mörg slys hafa orðið. Það eru þó ekki eingöngu þessar stóru framkvæmdir sem skipta máli fyrir umferðaröryggið. Tiltölulega ódýrar aðgerðir geta skilað miklu. Árlega hefur hluta viðhaldsfjárveitinga verið ráðstafað sérstaklega til þeirra verkefna Vegagerðarinnar sem tilheyra umferðaröryggisáætlun og var fjárveitingin í ár, 700 milljónir króna.

Mörg verkefnanna snúa að lagfæringum á umhverfi vega og/eða að uppsetningu vegriða og það er engin tilviljun því meira en helmingur alvarlegustu slysanna á þjóðvegum í dreifbýli verður við útafakstur. Samkvæmt núgildandi veggöngunarræglum skal vera svæði af ákveðinni breidd næst vegi sem er þannig útfært að þar séu ekki hættur s.s. hættulegar hindranir eða mikill bratti. Þetta svæði kallast öryggissvæði. Þegar farið er í lagfæringar til að tryggja öryggissvæði er uppsetning vegriðs aldrei fyrsti kostur, fyrst er leitað leiða til að lagfæra umhverfi vegarins á annan hátt t.d. með því að draga úr bratta fláa (vegkants) eða lengja of stutt ræsi þannig að kröfur um öryggissvæði séu uppfylltar. Einnig mætti nefna fyllingu skurða og brottnám stórgrýtis.

Nokkur verkefni á hverju ári felast í því að auka öryggi gangandi vegfarenda, s.s. þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Það er m.a. gert með ýmsum hraðatakmarkandi aðgerðum, s.s. útfærslu öruggari gönguþvera og uppsetningu hraðavindvörundarljósa. Í fyrra var ákveðið að fjármagna kaup á rauðljósa- og hraðamyndavél sem nýlega hefur verið sett upp við Hörgárbraut (Hringveg) á Akureyri en Vegagerðin sér um rekstur hraðamyndavéla víða um land í samstarfi við lögreglu og fleiri eftir því sem við á.

Öryggi nokkurra vegamóta verður aukið í ár. Vegamót Eyrarbakkevegur og Þorlákshafnarvegur verða endurbætt og einnig má nefna að gerðar verða svonefndar hjareinar við fimm tengingar við Hringveg austan Akrafjalls en þær auka öryggi þeirra sem ætla að beygja af aðalveginum inn á hliðarveginn þar eð auðveldara verður að aka fram hjá ökutæki sem hefur stöðvað og því minni hættu á að ekið verði aftan á.

Bættar merkingar geta einnig skipt miklu máli til dæmis til að vekja athygli á vegamótum fram undan eða til að undirstrika stefnubreytingu vegar með því að setja upp beygjuörvar.

Hér á eftir er listi yfir þær umferðaröryggis- aðgerðir Vegagerðarinnar í ár sem tengjast umferðaröryggisáætlun beint en svæði Vegagerðarinnar bera hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd umferðaröryggisaðgerðanna.



↑  
Það eru ekki aðeins stórar framkvæmdir eins og á Hringvegi um Kjalarnes sem skipta máli fyrir umferðaröryggið.



↑  
Hraðahindrandi aðgerð á Hringvegi við innkomu í Hvalsöllum að austan (sunnan).

## Helstu aðgerðir Vegagerðarinnar 2021 sem tengjast umferðaröryggisáætlun beint

### Lagfæringar á umhverfi vega og/eða uppsetning vegriða:

- **Hringvegur nokkru vestan við Foss**, uppsetning vegriðs við óvarið ræsi neðan vegar.
- **Hringvegur vestan Vikur**, lagfæringar á umhverfi vegar sem felast í að draga úr bratta vegfláa.
- **Hringvegur út frá Ölfusárbrú**, endurnýjun vegriðs meðfram vegi, ármegin.
- **Hringvegur um Kollafjörð**, endurnýjun vegriða.
- **Hringvegur við steinvegg í Kollafirði**, uppsetning vegriðs.
- **Skeiða- og Hrunamannavegur ofan Hlemmiskeiðs**, lenging ræsa og lagfæringar á fláa við ræsin.
- **Þjórsárdalsvegur milli vegamóta við Skeiða- og Hrunamannaveg og Árnæs**, ýmsar lagfæringar á öryggissvæði.
- **Eyrarbakkevegur út frá Óseyrarbrú**, endurnýjun vegriðs meðfram vegi vestan brúar.
- **Biskupstungnabraut**, ýmsar lagfæringar á öryggissvæði, frh.

- **Þingvallavegur frá Vinaskógi (í grennd við Kárastaði) að Grafningsvegi efri**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar.
- **Þingvallavegur milli Grafningsvegur efri og Kjósarskarðsvegur**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, annar áfangi.
- **Þingvallavegur í grennd við Seljabrekku**, lagfæring öryggissvæðis sem felst í því að fylla í skurð.
- **Laugarvatnsvegur ofan Laugarvatns**, lenging nokkurra ræsa og lagfæring fláa við ræsin.
- **Krýsuvíkurvegur við Kleifarvatn**, uppsetning vegriðs, frh.
- **Hvalfjarðarvegur við sunnanverðan Hvalfjörð**, lenging sex ræsa og fleiri lagfæringar á umhverfi vegar.
- **Nesvegur í grennd við Grindavík**, lagfæringar á umhverfi vegar sem felast í að draga úr bratta vegfláa.
- **Sandgerðisvegur við Miðnesheiðarveg**, lagfæringar á umhverfi vegar sem felast fyrst og fremst í grjóthreinsun.

- **Hringvegur austan Akrafjalls**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, fjórði áfangi.
- **Hringvegur undir Hafnarfjalli**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, annar áfangi.
- **Hringvegur milli Hvítárvallavegar og Borgarfjarðarbrautar**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, fjórði áfangi.
- **Akrafjallsvegur norðan Akrafjalls**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, annar áfangi.
- **Snæfellsnesvegur milli Búlandshöfða og Grundarfjarðar**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, frh.
- **Heydalsvegur um Haffjarðardalsgil**, uppsetning vegriðs við stórt óvarið ræsi.
- **Vestfjarðavegur um Svínadal**, uppsetning vegriðs, fyrsti áfangi. Verkefnið átti að hefjast árið 2020 en frestaðist.
- **Djúpvegur um Skötufjörð**, uppsetning vegriðs, frh.
- **Djúpvegur í Hestfirði**, lagfæringar á umhverfi vegar sem felast í endurmótun skeringar í þeim tilgangi að draga úr hættu á grjóthruni, frh.
- **Hringvegur í Hrutafirði**, lagfæringar á umhverfi vegar, þriðji áfangi. Lagfæringar felast í lengingu ræsa og lagfæringum á fláa ofan vegar en uppsetningu vegriðs neðan vegar.
- **Hringvegur við Litlu-Giljá**, lagfæringar á umhverfi vegar sem felast í að mýkja fláa á heimreið að Litlu-Giljá.
- **Hringvegur um Langadal og Vatnsskarð**, frh. Lagfæring fláa og uppsetning vegriða, m.a. þar sem Svartá liggur nálægt vegi.
- **Hringvegur um Blönduhlíð**. Lagfæringar á umhverfi vegar sem m.a. felast í að fylla í skurði. Verkefnið var á áætlun árið 2020 en frestaðist þar sem ekki náðist að ljúka samningum við landeigendur.
- **Hringvegur um Öxnadalsheiði**, lenging vegriðs.
- **Hringvegur við Másvatn**. Uppsetning vegriðs þar sem vegur liggur nálægt vatni.
- **Hringvegur við Laxá**, uppsetning vegriðs.



Ræsi á Snæfellsnesvegi á sunnanverðu Snæfellsnesi sem þarf að lengja og/óða setja upp vegrið.



- **Ólafsfjarðarvegur milli Hringvegur og Hauganesvegur**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, fyrsti áfangi. Verkefnið var á áætlun 2020 og efni var keypt en framkvæmd frestaðist.
- **Ólafsfjarðarvegur milli Hauganesvegur og Dalvíkur**, ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, annar áfangi.
- **Hvammavegur í Þingeyjarsveit**, uppsetning vegriðs í krappri beygju.
- **Laxárdalsvegur við Laxárgljúfur**, uppsetning vegriðs.
- **Hringvegur um Fagradal**. Ýmsar lagfæringar á umhverfi vegar, frh.
- **Hringvegur við Tóftá í Stöðvarfirði**, lenging ræsis ofan vegar og uppsetning vegriðs neðan vegar.
- **Hringvegur í Álftafirði**, uppsetning vegriðs við tvö óvarin ræsi/steypta stokka.
- **Hringvegur við Hvalnes**, uppsetning vegriðs, annar áfangi.
- **Hringvegur sunnan Háöldu í Örnafum**, lagfæringar á umhverfi vegar sem felast í að bæta efni í vegfláa og draga þar með úr bratta hans.
- **Hringvegur um Skeiðarársand**, lenging ræsa, frh.
- **Norðfjarðarvegur á Hólmahálsi**, milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, lenging vegriðs.
- **Lagarfossvegur við Lagarfoss**, uppsetning vegriðs.

#### Lagfæring vegamóta:

- **Hringvegur við Reynishverfisveg**, gerð hægri beygju fleygs.
- **Skeiða- og Hrunamannavegur við Hrunaveg á Flúðum**, útfærsla vegamóta lagfærð.
- **Eyrbakkavegur við Þorlákshafnarveg**, stefnugreining vegamóta.
- **Fljótshlíðarvegur við Lambalækjarveg**, færsla Lambalækjarvegur til að auka öryggi vegamótanna.
- **Hringvegur austan Akrafjalls**. Gerð hjáreina við fimm tengingar.



Vegrið með öryggisenda á Hringvegi við brú yfir Karlsá í Lóni.

#### Búfjár- og reiðgöng:

- **Hringvegur undir Eyjafjöllum**, milli Núps og Hvamms, gerð búfjárræsis.
- **Biskupstungnabraut við Myrkholt**, gerð reiðganga, frh.

#### Sérstakar aðgerðir við áningarstaði:

- **Hringvegur við áningarstað í Eldhrauni**, framhald aðgerða frá 2020 sem fólust í að bæta tengingu að áningarstaðnum með gerð hægri beygju fleygs.

#### Öryggisaðgerðir í þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni og víðar þar sem mikið er um umferð gangandi fólks og einnig á fleiri stöðum þar sem leyfilegur hámarkshraði hefur verið lækkaður af einhverjum ástæðum:

- **Hringvegur við Þingborg**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Hringvegur um Selfoss**. Aðgerðir sem felast í setja þrengingar við átta gangbrautir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir framúrakstur. Einnig verður lýsing við gangbrautirnar bætt.
- **Fljótshlíðarvegur Hvolsvelli**, gerð upphækkuð gangbraut með lýsingu.
- **Djúpvegur Ísafirði**, við hringtorg móts við kirkju, bætt lýsing við þrjár gangbrautir.
- **Flateyjarvegur við innkomu í bæinn**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Innesvegur sunnan Leynisbrautar á Akranesi**, upphækkuð gönguþverun og uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Útnesvegur vestan Ólafsvíkur**. Breyting á kantsteinum og miðeyjum og uppsetning gagnvirkar hraðahindrunar. Tilraunaverkefni.
- **Þingeyjarvegur við innkomu í bæinn**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.

- **Drangsnesevegur**, hraðahindrandi aðgerðir, annar áfangi.
- **Hringvegur sunnan Varmahlíðar**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Hringvegur norðan við afleggjara að leikskóla við Lónsbakka**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Hringvegur norðan við innkomu í þéttbýli Reykjahlíðar**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Hvammstangavegur við innkomu í Hvammstanga**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Grenivíkurvegur við innkomu í bæinn**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Mývatnssveitarvegur við Skútustaði**, stýring gangandi umferðar. Verkefnið var á áætlun 2020 en frestaðist.
- **Þórshafnarvegur við innkomu í bæinn**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Hringvegur við Jökulsá á Breiðamerkursandi**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Borgarfjarðarvegur um Eiðar**, uppsetning hraðaviðvörunarljósa.
- **Djúpavogsvegur við innkomu í bæinn**, hraðahindrandi aðgerðir, annar áfangi.

#### Verkefni sem tengjast kaupum á hraðamyndavélum og rekstri sjálfvirks hraðaeftirlits:

- **Hraða- og rauðljósamyndavél til notkunar við gatnamót á Hringvegi um Akureyri**. Verkefnið felst í að ljúka vinnu við gangsetningu myndavélarinnar sem keypt var árið 2020.

*Ofangreindur listi er ekki tæmandi, víða verða merkingar bættar og auk þess fá þjónustustöðvar Vegagerðarinnar sérstakar fjárveitingar til ýmissa aðgerða svo eitthvað sé nefnt.*



Ræsi á Snæfellsnesvegi á sunnanverðu Snæfellsnesi sem þarf að lengja.







## Stórbætt umferðaröryggi og greiðara umferðarflæði

↑ Undirgöngin. Gert er ráð fyrir Hraunholtslæk í göngunum.

↗ Umferðin gekk hægt framhjá framkvæmdasvæðinu.

Framkvæmdir í Garðabæ sem hófust í júlí 2020 munu stórauka umferðaröryggi. Þær fela í sér breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegur við Víflsstaðaveg og Lyngás, undirgöng undir Hafnarfjarðarveg fyrir gangandi og hjólandi við Hraunholtslæk, breikkun og endurbætur á Víflsstaðavegi milli Hafnarfjarðarvegur og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún.

„Það var mjög aðkallandi að fara í þessar framkvæmdir til að auka umferðaröryggi og bæta umferðarflæði,“ segir Einar Már Magnússon verkefnastjóri á framkvæmdadeild Vegagerðarinnar sem hefur haldið utan um verkið; Hafnarfjarðarvegur (40) Víflsstaðavegur (að Litlatúni) – Lyngás. Endurbætur og undirgöng.

Einar segir að þó hugmyndir séu uppi í samgöngusáttmála um að Hafnarfjarðarvegur fari í stokk í gegnum Garðabæ í framtíðinni hafi ekki verið hægt að biða með þessar framkvæmdir út frá öryggissjónarmiðum.

Verkið skiptist í nokkra verkhluta. Fyrst má nefna gerð nýs hringtorgs við Flataskóla sem kemur í stað ljósastýrðra gatnamóta en að sögn Einars mun það hægja á umferð en auka afköst. „Ný umferðarljós hafa verið sett upp við vegamót Hafnarfjarðarvegur og Víflsstaðavegar en þau ljós eru þannig að allir umferðarstraumar eru varðir sem minnkar líkur á árekstrum á gatnamótunum,“ segir Einar og bendir á að slys hafi verið algeng á þessum stað. Sama fyrirkomulag verður á umferðarljósum á mótum Hafnarfjarðarvegur og Lyngáss.

Akreinum á Hafnarfjarðarvegi er fjölgað og beygjureinum breytt og fjölgað. Tvöföld vinstri beygja verður af Hafnarfjarðarvegi inn á Víflsstaðaveg til austurs, tvöföld vinstri beygja verður af Víflsstaðavegi inn á Hafnarfjarðarveg bæði til norðurs og suðurs, tvöföld vinstri beygja verður af Lyngási inn á Hafnarfjarðarveg og hægri beygja af Lækjarfit í framhjálaupi.



Hærrí og lengri hljóðveggir voru reistir.


Teikning sem sýnir framkvæmdasvæðið.

„Öðru megin í undirgöngunum er gert ráð fyrir gangandi og hjólandi en hinumegin rennur Hraunholtslækur sem áður rann í gegnum rör undir veginn,“ segir Einar en líklegt er að undirgöngin verði tekin í gagnið í október eða nóvember á þessu ári.

Göngin voru unnin í tveimur áföngum þannig að halda mætti umferð um Hafnarfjarðarveg á tveimur akreinum í hvora átt á framkvæmdartíma. Einar segir umferðina hafa gengið ágætlega en fremur hægt enda umferðarpunginn mikill á þessum stað. „Framhjálaupið var ágætlega útfært en umferðin var hægt í gegnum framkvæmdasvæðið bæði í fyrra og í ár.“ Hann segir verkið allt fremur flókið og sein unnið. „Við erum í fyrsta lagi að vinna í miklum umferðarpunga og ekki í boði að loka veginum á meðan framkvæmdir standa yfir. Hér er lítið pláss til að athafna sig og mikið af lögnum í jörðu,“ útskýrir Einar en verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Garðabæjar og veitufyrirtækja enda felst hluti af verkinu í að færa lagnir og leggja nýjar fyrir veitustofnanir á borð við Veitur ohf., Gagnaveitu Reykjavíkur, Mílu, HS Veitur, Vatnsveitu Garðabæjar og Fráveitu Garðabæjar.

Samhliða öllu þessu verða gerðir nýir göngustígar sem tengja mannvirkin við núverandi stígakerfi. Einnig þarf að setja upp hljóðveggir með Hafnarfjarðarvegi milli Víflsstaðavegar og Lyngáss. Hljóðveggirnir verða lengri en þeir eldri og hærrí.

Gert er ráð fyrir að verkinu öllu verði lokið haustið 2021. ■



# Leiðir styttað með endurbættum Reykjavegi

→ Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar klippa saman á borða til að opna Reykjavegin formlega.


Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, opnuðu Reykjaveg formlega þann 2. september sl. Vegurinn er nú stysta leiðin á milli Laugarvatns og Reykhólts.

Reykjavegur hefur verið endurbættur og leysir af hólmi 5,5-6,5 m breiðan lítið uppbyggðan malarveg sem á voru krappar beygjur þar sem mörg umferðaróhöpp hafa orðið í gegnum tíðina, auk einbreiðrar brúar yfir ána Fullsæl sem byggð var árið 1962.

Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri Suðursvæðis var verkefnisstjóri framkvæmdarinnar. Hann segir veginn langþráða samgöngubót. „Vegurinn gegnir þýðingarmiklu hlutverki í sameinuðu sveitarfélagi en stysta leiðin milli þéttbýliskjarna er um Reykjaveg, þ.e.a.s. milli Laugarvatns og Reykhólts,“ segir hann. Einnig styttist leið að fjölförnum sumarhúsabyggðum á svæðinu. Vegurinn er um 8 km langur og liggur á milli Biskupstungnabrautar rétt neðan Reykhólts og Laugarvatnsvegur ofan Brúarár.

## Framkvæmdir

Á vegáætlun 2007-2010 var gert ráð fyrir fyrstu fjárveitingu til verksins á árinu 2010 sem þó dugði ekki fyrir allri framkvæmdinni. Af ýmsum orsökum var það ekki fyrr en í lok árs 2018 að hægt var að bjóða út framkvæmdir og hófust þær í ágúst 2019 og lauk nú tveimur árum síðar.



## Verkframkvæmd

Markmið framkvæmdarinnar er að stytta og bæta samgöngur í uppsveitum Árnassýslu og auka umferðaröryggi með því að uppfylla hönnunarkröfur og leggja bundið slitlag á veginn. Jafnframt er nýjum vegi ætlað að bæta aðgengi ferðamanna og sumarhúsagesta að vinsælum áningar- og ferðamannastöðum. Með tilkomu nýs vegar yfir Lyngdalsheiði og Bræðratunguvegar fyrir um 10 árum jókst umferð um uppsveitir Árnassýslu talsvert og varð uppbygging Reykjavegar enn meira aðkallandi. Stór hluti umferðar um svæðið er tengdur ferðamennsku en meginumferð er akstur milli Laugarvatns, Reykhólts og Flúða.

Eftir er að leggja reiðveg meðfram veginum en stefnt er að því í vetur í samvinnu við hestamannafélagið í uppsveitum Árnassýslu. → Efnisflutningar í veginn allan voru um 144.000 m<sup>3</sup> sem tekið var úr skeringum í vegstæði og námum.

→ Í brúna fóru riflega 500 m<sup>3</sup> af steypu og riflega 62 tonn af steypustyrktarstáli.

→ Vegurinn er 8 m breiður og 8,2 km að lengd.

→ Ný brú á Fullsæl er 20 m að lengd, eftirspennt og í einu hafi. Tvær akbrautir eru á brúnni og er heildarbreidd brúar 10 m.

→ Áætlaður heildarkostnaður vegna verksins er rúmar 1.000 m.kr. Þar af er kostnaður vegna hönnunar umsýonar og eftirlits um 155 m.kr.

## Helstu aðilar verksins

→ Hönnunardeild Vegagerðarinnar sá um hönnunarstjórn fyrir framkvæmdina og gerð útboðsgagna, auk hönnunar á brú yfir Fullsæl. Jarðefnadeild sá um jarðfræðirannsóknir.

→ Framkvæmdadeild Vegagerðarinnar hafði umsjón á undirbúningsstigi en tæknideild Suðursvæðis á framkvæmdastigi.

→ Verkfræðistofan Verkís sá um frumdrög og verkhönnun.

→ Verktaki var Þjótanda ehf.

→ Helstu undirverktakar voru Jáverk ehf. sem sá um smíði brúar og Bikun ehf. sem sá um lagningu slitlags á veginn.



# Vinna hafin við brýr yfir Hverfisfljót og Núpsvötn



Byrjað var að reka niður undirstöðustaura við Núpsvötn í júlí og þeirri vinnu lýkur í september.  
Myndir: Ólafur Tryggvason


Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, og Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verks, skrifuðu undir verksamning vegna byggingar brúa yfir Hverfisfljót og Núpsvötn þann 9. ágúst sl. Framkvæmdir eru þegar hafnar en verkinu skal að fullu lokið um miðjan nóvember á næsta ári.

Báðar brýrnar leysa af hólmi einbreiðar brýr en við þessa framkvæmd fækka um tvær slíkar á Hringveginum, sunnan Vatnajökuls. Tilgangurinn er að fækka einbreiðum brúm, auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum. Í báðum tilvikum mun umferðaröryggi aukast til muna.

„Það er frábært að koma þessum verkum út en við hjá Vegagerðinni erum í kappi við að koma út verkum,“ sagði Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, við undirritunina og bætti við að það væri fagnaðarefni að fækka einbreiðum brúm á Hringveginum og víðar þar sem umferð er mikil. Áherslan hjá Vegagerðinni væri að fækka einbreiðum brúm á stærri köflum þannig að ekki væri ein og ein slók á stangli þegar kæmi að umferðarmiklum vegum.

Höskuldur Tryggvason er umsjónarmaður verksins fyrir hönd Vegagerðarinnar en framkvæmdir eru þegar komnar í gang. „Í júlí var byrjað að reka niður undirstöðustaura við Núpsvötn og þeirri vinnu lýkur í september. Vegagerðin hefur það verkefni með höndum en til þess þarf mjög sérhæfðan búnað,“ segir hann.

ÞG Verk er að undirbúa aðstöðu og uppsetningu vinnubúða við Hverfisfljót og Núpsvötn og jarðvinna við Hverfisfljót er í startholunum.



Loftmyndir: Loftmyndir ehf.

„Um leið og ÞG Verk lýkur framkvæmdum við brúna yfir Jökulsá á Sólheimasandi verður búnaður og mannskapur á þeirra vegum fluttur austur. Undirbúningur fyrir það er í fullum gangi, ekki síst við að setja upp steypustöð, einnig er unnið að undirbúningi framleiðslu stálbita og steyptra eininga sem notað verður í brúna yfir Hverfisfljót. Samkvæmt verkáætlun á ÞG Verk að ljúka framkvæmdum við Hverfisfljót 15. júlí 2022 og framkvæmdum við Núpsvötn 15. nóvember 2022,“ segir Höskuldur.

VSÓ hannaði brúna yfir Núpsvötn en hönnunardeild Vegagerðarinnar hannaði brúna yfir Hverfisfljót. Mannvit hefur eftirlit með framkvæmdinni.



↑  
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, og Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verks, skrifuðu undir verksamning þann 9. ágúst síðastliðinn.

## Um verkið:

→ **Hverfisfljót:** Byggt verður ný 74 m löng og tvíbreið brú yfir Hverfisfljót á Hringvegi (1) um 20 m neðan núverandi brúar. Brúin verður samverkandi stálbitabrá með steypu gólfi í þremur höfum. Innifalin er vegagerð til að tengja nýja brú við núverandi vegakerfi. Nýr vegur og ný brú verða í nýju vegstæði á 1,1 km löngum kafla og endurbýggður vegur í núverandi vegstæði á 1,1 km löngum kafla. Nýr vegur verða því um 2,1 km. Einnig verður byggður nýr áningarstaður við Hverfisfljót í stað núverandi áningarstaðar sem hverfur undir nýjan veg.

→ **Núpsvötn:** Byggt verður ný 138 m löng tvíbreið brú yfir Núpsvötn á Hringvegi (1), ofan núverandi brúarstæðis, auk tengivega við núverandi vegakerfi beggja vegna. Brúin verður eftirspennst steinsteipt brú með steypu gólfi í fimm höfum. Nýr vegur og ný brú verða í nýju vegarstæði á 1,9 km löngum kafla.

→ Byggt verður nýr áningarstaður vestan við Núpsvötn, þar sem er gott útsýni til Lómagnúps og einnig fjallahingsins til austurs. Gert er ráð fyrir stæðum fyrir rútu, húsbíla og 10 fólkubíla, þar af einu fyrir hreyfihamlaða. Nýr áfangastaður á að skapa öruggari aðstöðu fyrir vegfarendur til að njóta útsýnsins.

Við þessa framkvæmd og með nýju brúnni á Sólheimasandi mun einbreiðum brúm á Hringveginum fækka úr 32 í 29.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Fyrirhuguð útboð		
Verknr.	Verk	Auglýst
20-035	<b>Snæfellsnesvegur(54): Ketilsstaðir – Dunkárbakki</b>	2021
21-096	<b>Örlygshafnarvegur (612): Hvalsker - Sauðlauksdalur</b>	2021
21-064	<b>Eyjafljóðarbraut vestri (821) um Hrafnagil</b>	2021
21-065	<b>Hringvegur (1) um Skjálfandafliót</b>	2021
21-059	<b>Áætlunarflug á Íslandi: Akureyri - Vopnafjörður - Þórshöfn - Akureyri</b>	2021
21-058	<b>Áætlunarflug á Íslandi: Akureyri - Grímsey - Akureyri</b>	2021
21-041	<b>Hringvegur (1) um Kjalarnes 2. áfangi, Vallá - Hvatfjörður (EES)</b>	2021
21-022	<b>Hringvegur austan Klifanda og Dyrhólavegur</b>	2021
20-074	<b>Norðausturvegur (85), Köldukvistargil</b>	2021
20-032	<b>Hringvegur (1): Umferðarstýring Borgarnesi</b>	2021

Auglýst útboð			
Verknr.	Verk	Auglýst	Opnað
21-118	<b>Tálknafjarðarvegur (617) – Endurbýgging – Hraðútboð</b>	31.8.21	7.9.21
21-116	<b>Skriðdals- og Beiðdalsvegur (95) um Gilsá á Völlum</b>	30.8.21	14.9.21
21-113	<b>Vetrarþjónusta 2021-2022, Klettsháls</b>	27.8.21	28.9.21
21-114	<b>Drangsnæs, grjótvörn við höfnina 2021</b>	24.8.21	7.9.21

Öllum tilboðum hafnað	
Verknr.	Verk
21-100	<b>Bildudalshöfn - Steypt þekja, lagnir og raforkuvirki 2021</b>
21-026	<b>Vetrarþjónusta: Reykjanesbraut – Suðurnes 2021 – 2024 (EES)</b>
21-027	<b>Vetrarþjónusta Höfuðborgarsvæðið 2021 - 2024 (EES)</b>
21-097	<b>Snæfellsnesvegur(54): Ketilsstaðir - Gunnarsstaðir</b>
21-088	<b>Tálknafjarðarvegur (617) - Endurbýgging</b>
21-081	<b>Vestmannaeyjahöfn: Skipalyftukantur, þekja og lagnir 2021</b>
21-071	<b>Bildudalshöfn - Steypt þekja, lagnir og raforkuvirki 2021</b>
21-078	<b>Holtavegur (206), Hunkubakkar - Fjaðurárgljúfur</b>

Útboð á samningaborði			
Verknr.	Verk	Auglýst	Opnað
21-049	<b>Hringvegur um Þvottaskriður, hrúnarnir 2021</b>	31.5.21	15.6.21
21-098	<b>Dalvík, Sæból að Framnesi</b>	16.8.21	31.8.21
21-086	<b>Upphéraðsvegur (931) um Ásklif</b>	26.07.21	10.8.21
20-097	<b>Þverárfjallsvegur (73), Refasveit og Skagastrandarvegur (74) um Laxá</b>	17.7.21	17.8.21
21-072	<b>Þverárfjallsvegur (73) í Refasveit og Skagastrandarvegur (74) um Laxá, eftirlit</b>	17.7.21	17.8.21
21-112	<b>Sauðárkrókur, upptekt Þvergarðs og lenging Norðurgarðs 2021</b>	28.7.21	10.8.21
21-111	<b>Grindavík - Viðgerð Kvíabryggju og stormpolla 2021</b>	26.7.21	17.8.21
21-106	<b>Skeiða- og Hrunamannavegur (30) um Stóru-Laxá, eftirlit</b>	24.7.21	24.8.21
21-109	<b>Djúpvogur - Endurbýgging Hafskipabryggju 2021</b>	20.7.21	17.8.21
21-104	<b>Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður, sjóvarnir 2021</b>	13.7.21	27.7.21
21-107	<b>Bildudalshöfn - Landfylling 2021</b>	12.7.21	27.7.21
21-101	<b>Vestmannaeyjahöfn: Skipa-lyftukantur, þekja og lagnir 2021</b>	28.6.21	13.7.21
21-105	<b>Skeiða- og Hrunamannavegur (30) um Stóru-Laxá</b>	24.7.21	24.8.21
21-092	<b>Hringvegur (1), Fossvellir-Lögbergsbrekka</b>	11.6.21	13.7.21
21-083	<b>Hringvegur (1) Fossvellir - Lögbergsbrekka, eftirlit</b>	11.6.21	13.7.21
21-077	<b>Hringvegur um Hornafjörð</b>	5.6.21	6.7.21
21-082	<b>Rangárvallavegur (264), Gunnarsholt - Hróarslækur</b>	14.6.21	29.6.21
21-066	<b>Hringvegur (1) Laugaland - Ólafs-fjarðarvegur, þurrfræsing og malbik</b>	14.6.21	29.6.21
21-095	<b>RFI for two domestic flight routes in Iceland</b>	17.6.21	27.6.21
21-108	<b>Vestfjarðavegur (60) um Gufudalssveit, Djúpadalsleið</b>	16.7.21	17.8.21

Engin tilboð bárust			
Verknr.	Verk	Auglýst	Opnað
21-050	<b>Vatnsnesvegur (711) um Vesturhópshólaá</b>		
21-048	<b>Skriðdals- og Beiðdalsvegur (95) um Gilsá á Völlum</b>		
21-089	<b>Reykjanesbraut og Sæbraut, lenging vinstribeygjuvasa</b>		

Samningum lokið			
Verknr.	Verk	Opnað	Samið
21-094	<b>Þrengslavegur (39-01) og Eyrarbakkavegur (34-02), malbikun Óskatak ehf., kt. 440107-0600</b>	29.6.21	16.7.21
21-087	<b>Svalbarðseyri - Sjóvörn 2021 Nesbræður ehf., kt. 690604-4180</b>	22.6.21	16.7.21
21-091	<b>Yfirlagnir á Suðursvæði 2021, repave Loftorka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459</b>	9.6.21	29.7.21
21-090	<b>Yfirlagnir á Suðursvæði 2021, malbik viðbót Loftorka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459</b>	9.6.21	29.7.21
21-017	<b>Grindavík, sjóvarnir 2021 JG vélar ehf., kt. 470617-0470</b>	9.2.21	15.3.21
21-039	<b>Sauðárkrókur – Strandvegur, sjóvörn 2021 Viðímelsbræður ehf., kt. 521015-0630</b>	23.3.21	9.4.21
21-025	<b>Þverárhliðarvegur (522): Gunnlaugstaðir - Högnastaðir Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</b>	3.5.2021	15.6.21
21-062	<b>Melasveitavegur(505): Bakki - Svinabú Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</b>	18.5.21	15.6.21
21-060	<b>Efnisvinnsla á Vestursvæði 2021, Fossamelar Þróttur ehf., kt. 420369-3879</b>	1.6.21	25.6.21
21-013	<b>Yfirlagnir á Vestursvæði, malbik 2021 Colas Ísland hf., kt. 420187-1499</b>	8.6.21	29.6.21
21-080	<b>Yfirlagnir á Vestursvæði 2021, malbik á Snæfellsnesi Malbikun Akureyrar, kt. 690598-2059</b>	22.5.21	11.8.21
21-079	<b>Bústaðavegur (418) Breytingar á aksturs-, hjóla og gönguleiðum við Kringlumýrarbraut Stéttafélagið ehf., kt. 681206-0510</b>	22.6.21	9.6.21
21-102	<b>Vetrarþjónusta: Höfuðborgin 2021-2022, hraðútboð (EES) Óskatak ehf., kt. 440107-0600</b>	3.8.21	18.8.21
21-103	<b>Vetrarþjónusta: Kraginn 2021-2021, hraðútboð (EES) Malbikunarstöðin Höfði ehf., kt. 581096-2919</b>	3.8.21	18.8.21
